

Mannvit hf.
Rúnar Dýrmundur Bjarnason
Urðarhvarfi 6
203 Kópavogur

Reykjavík 14. desember 2018
UST201812-088/R.K.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum -Drög að tillögu að matsáætlun. Vindmyllugarður í Garpsdal

Framkvæmdaraðili EM Orka ehf. í samvinnu við Mannvit hafa unnið drög að tillögu að matsáætlun. Ráðgert er að reisa allt að 130 MW vindmyllugarð, 35 vindmyllur, í Garpsdal í Reykhólahrepp sem liggur inn að Gilsfirði. Drögin voru kynnt fyrir Umhverfisstofnun á fundi með framkvæmdaraðila og ráðgjafa dags. 10. desember sl.

Stofnunin veitir umsögn um tillögu að matsáætlun þegar hún er lögð fram skv. 10. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og 24. gr. rg. nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Drög að tillögu að matsáætlun

Auk þess sem rætt var á ofangreindum kynningarfundum telur Umhverfisstofnun eftirfarandi þurfa að koma fram í greinargerð tillögu að matsáætlun:

Heildarflatarmál raskaðs svæðis

Í greinargerð er gefin einskonar nettó flatarmál raskaðs svæðis sem er $0,2 \text{ km}^2$. Umhverfisstofnun bendir á að koma þurfi fram í greinargerð tillögu að matsáætlun hver sé heildarflatarmál þess svæðis sem raskast við framkvæmdina. Það ætti að ná til alls samanlagðs svæðis sem nær utan um vindmyllugarðinn auk vegagerðar að framkvæmdarsvæðinu og lagningu jarðstrengs frá því. Umhverfisstofnun minnir á að við lagningu strengsins er einnig gerður slóði sem þaf að gera grein fyrir. Athuga skal að við mat á flatarmáli raskaðs svæðis sé gert ráð fyrir helgunarsvæði við vegastyrkingu og strenglagningu.

Umhverfisstofnun bendir á að vegurinn sem nú liggur að áætluðu svæði vindmyllugarðsins er ekki skilgreindur vegur heldur troðningur þar sem ekki hefur áður verið flutt að efni til vegagerðar. Því telur stofnunin að styrking troðningsins sem fjallað er um í drögunum sé í raun gerð nýs vegar.

Rammaáætlun

Umhverfisstofnun bendir á að nýting vindorku er tiltölulega nýtt viðfangsefni hér á landi og stjórnvöld hafa ekki, enn sem komið er, sett fram heildar stefnumótun, reglur og/eða leiðbeiningar hvað varðar uppbyggingu slíkrar orkunýtingar á landsvísu.

Stofnunin minnir á að vindorkunýting á þessari stærðargráðu fellur undir rammaáætlun, þ.e. áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Um rammaáætlun gilda lög nr. 48/2011. Í 3. gr. laganna er að finna niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. er í verndar- og orkunýtingaráætlun mótuð stefna um hvort nýta megi landsvæði (þar sem er að finna virkjunarkost) til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Virkjunarkostir á viðkomandi svæðum eru samkvæmt því flokkaðir í verndarflokk, biðflokk eða orkunýtingarflokk. Þessi röðun heldur gildi sínu þar til Alþingi samþykkir nýja þingsályktun um málið. Samkvæmt 4. mgr. 3. gr., skal í verndar- og orkunýtingaráætlun m.a. lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar skulu metin.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfærðingur

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
Sérfraðingur